

Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík



Reykjavík, 10. nóvember 2021

## EFNI: Málsmeðferð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa

Þann 8. nóvember sl. kl. 18.13 barst undirrituðum bréf, f.h. Guðmundar Gunnarssonar, Hólmfríðar Árnadóttur og Rósu Bjarkar Brynjólfadóttur („kærendur“) frá Alþingi með tilkynningu um að drög að málsatvikalýsingu undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa („undirbúningsnefndin“) hefðu verið birt á vefsvæði undirbúningsnefndarinnar og þess óskað að skriflegar athugasemdir bærust nefndinni eigi síðar en kl. 18 miðvikudaginn 10. nóvember 2021.

### Almennt

1. Málsatvikalýsingin sem hér um ræðir er endursögn undirbúningsnefndarinnar á þeim gögnum sem hún hefur aflað. Umbjóðendur mínir hafa engar forsendur til að meta hvort málsatvikalýsingin gefi raunsanna mynd af þessum upplýsingum og að greint sé frá öllum þeim atvikum sem máli kunna að skipta við úrlausn málsins, þar eð þeim hefur verið sýnjað um afhendingu þessara gagna.
2. Vísað er til sjónarmiða kærenda hvað þetta varðar í bréfi þeirra til Alþingis 8. nóvember sl., en þar var þess m.a. óskað að fyrri sýnjun um afhendingu gagnanna yrði endurskoðuð. Í bréfinu er enn fremur bent á þá skyldu að afhenda í það minnsta þá hluta skjals sem ekki eru bundnir sérstökum takmörkunum, ef einhverjum slíkum trúnaði er yfir höfuð fyrir að fara. Beiðni þessari var sýnjað aftur með bréfi Alþingis dagsettu í dag.
3. Kærendur telja að sú sýnjun gangi ekki eingöngu gegn lögum heldur sé einnig ósamrýmanleg verklagsreglum undirbúningsnefndarinnar sjálfar, þar sem greinir að málsmeðferð skuli hagað í samræmi við meginreglur stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og almennar meginreglur stjórnarsýsluréttar. Þar segir einnig beinlínisað kærenda verði gefinn kostur á að andmæla þeim gögnum sem undirbúningsnefndin aflar. Í þessu sambandi vísar til ummæla Ragnhildar Helgadóttur prófessors á opnum fundi með nefndinni 15. október 2021 um að afar mikilvægt væri að gagnsæi verði haft að leiðarljósi í störfum nefndarinnar, en það skiptir máli bæði svo hægt sé að fylgja kærnum eftir efnislega en einnig í þeim tilgangi að skapa þá ásýnd sem nauðsynleg er fyrir traust almennings á störfum Alþingis í þessu mikilvæga verkefni.
4. Andmælarétturinn er ein mikilvægasta meginregla stjórnarsýsluréttarins, en brot gegn slíkri öryggisreglu eru almennt til þess fallin að valda ógildingu ákvarðana. Gæta þyrfti sérstaklega að slíkum sjónarmiðum við úrlausn þessa máls enda ótæk niðurstaða að Alþingi úrskurði um lögmæti eigin kosningar á grundvelli gagna sem enginn nema það sjálft fær séð. Vandséð er hvernig slík málsmeðferð og eftirfarandi úrskurður Alþingis geti samræmst þeim skilyrðum sem leiða af lögum, stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

5. Í athugasemdum þessum er hafður sá háttur á að umfjöllun undirbúningsnefndar um málsatvik er lýst í númeruðum málsgreinum, en athugasemdum kæranda er að meginstefnu lýst í inndregnum stafliðum.
6. Málavaxtalýsingin byggir að stórum hluta á frásögn yfirkjörstjórnar og fundargerðar hennar. Hér skiptir máli að fundargerðin var rituð nokkru eftir að talningu lauk og að ágreiningur virðist vera innan yfirkjörstjórnarinnar um efni hennar, sbr. tölvupóstsamskipti meðlima yfirkjörstjórnar 28. september 2021.
  - a. Af ofangreindum tölvupóstum má skilja að formaður yfirkjörstjórnar hafi ritað drög að fundargerðinni og deilt með öðrum meðlimum yfirkjörstjórnar 28. september 2021 kl. 09.22, þ.e. eftir gagnrýni á störf yfirkjörstjórnar hófst.
  - b. Í þeim gögnum sem kærundur hafa fengið frá Alþingi virðist vanta fyrsta tölvubréf formanns kjörstjórnar, sbr. orðalagið „Gleymdi viðhenginu í flýtinum“. Væri eðlilegt að undirbúningsnefndin aflaði þessa tölvubréfs og gerði grein fyrir efni þess í málsatvikalýsingunni.
  - c. Aðrir meðlimir yfirkjörstjórnar gerðu athugasemdir við efni fundargerðarinnar, en óljóst er hvort og þá að hve miklu leyti tekið var tillit til þeirra. Lokagerð fundargerðarinnar var ekki send til samþykktar, en einn meðlimur yfirkjörstjórnar lýsti því yfir að fundargerðin væri „ekki í mínu nafni svona þar sem ég kom hvergi að ákvörðun um að telja aftur atkvæði Viðreisnar“.
  - d. Af tölvupósti eins meðlims yfirkjörstjórnar 29. september 2021 kl. 16:36 má skilja að starfskona nefndarinnar hafi einnig komið með ábendingar um breytingar á fundargerðinni, en þær má ekki sjá í þeim gögnum sem kærundur hafa fengið og er þeirra heldur ekki getið í málsatvikalýsingunni.

#### Fyrri talning

7. Aðsetur og talningarstaður Norðvesturkjördæmis var auglýstur með tilkynningu Dómsmálaráðuneytisins sem birtist í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu 18. september 2021 og á vefnum kosning.is 20. september 2021.
  - a. Samkvæmt 2. mgr. 99. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 („kosningalög“) skal yfirkjörstjórn auglýsa stund og stað þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Er þetta gert svo kjósendum gefist kostur á að fylgjast með talningunni, sem og umboðsmenn lista, sbr. 98. gr. kosningalaga.
  - b. Þó ekki sé getið um tímasetningu talningar í auglýsingu dómsmálaráðuneytisins mátti kjósendum vera ljóst að talning hæfist að kvöldi kosningadags, venju samkvæmt.
  - c. Til samanburðar er vísað í framkvæmd síðari talningarinnar sem hvergi var auglýst og hófst eftir að talningarstörfum hafði áður verið lokið að morgni sunnudagsins 26. september sl. Þessi brot á 98. gr., leiddu einnig til þess að kjósendum og umboðsmönnum var ókunnugt um síðari talninguna og var ókleift að hafa eftirlit með henni, eins og síðar verður rakið.
8. Í málavaxtalýsingu er greint frá því að verklagi við talningu atkvæðanna hafi verið breytt í kjölfar þess að flöskuháls hafi myndast við afstemmingu atkvæða. Athygli vekur að lýsingar þess starfsmanns yfirkjörstjórnar sem hafði umsjón með talningastarfsfólki og tveggja

annarra starfsmanna yfirkjörstjórnar, bera ekki saman við „upplýsingar frá einum fulltrúa í yfirkjörstjórn þess efnis að honum hafi ekki verið kunnugt um framangreinda breytingu á verklagi frá fyrri talningum og hafi hann staðið í þeirri trú að unnið hafði verið að flokkun á borði 1, endurflokkun á borði 2, talningu á borði 3 og endurtalningu á borði 4“.

- a. Af þessu tilefni vekja kærundur athygli á því að ekkert er bókað um breytingu á verklagi eða tafir við afstemmingu atkvæða í fundargerð yfirkjörstjórnar.
  - b. Þá veitir málavaxtalýsingin engar upplýsingar um hvort aðrir meðlimir yfirkjörstjórnar séu sammála lýsingu þeirra þriggja starfsmanna sem vísað er til í málavaxtalýsingu undirbúningsnefndarinnar eða þess meðlims yfirkjörstjórnar sem bar á annan veg.
  - c. Kærundur telja rétt að í málavaxtalýsingunni sé fjallað um afstöðu annarra meðlima yfirkjörstjórnar til þessa atriðis. Í því sambandi er einnig vísað til þess að 21 starfsmaður vann að talningu atkvæðanna og því vel gerlegt að afla upplýsinga frá hinum 18 ef einhver vafi ríkir um hvernig verklagi var háttað við fyrstu talningu.
  - d. Óljóst er af málsatvikalýsingunni hvaða þýðingu þessi atriði eiga að hafa við úrlausn málsins. En ef þetta er talið skipta máli, er mikilvægt að upplýsingarnar séu réttar enda framsetningin í málavaxtalýsingunni um breytingu á verklagi við fyrri talninguna hugsanlega til þess fallin að draga úr trúverðugleika hennar.
  - e. Enn fremur telja kærundur gagnlegt að í málavaxtalýsingunni eða í greinargerð undirbúningsnefndar verði fjallað um um þær kröfur sem almennt eru gerðar til verklags og verkaskiptingu við talningu atkvæða, og þær bornar saman bæði við framkvæmd fyrri og seinni talningar.
9. Í málavaxtalýsingunni er greint frá því að í fundargerð yfirkjörstjórnar segir að enginn ágreiningur hafi verið „um þá kjörseðla sem voru taldir ógildir því þeir voru allir án vafa gildir.“ Svo segir hins vegar að formaður yfirkjörstjórnar hafi sýnt nokkrum umboðsmönnum fimm vafaatkvæði, og að eitt atkvæði sem gat talist gilt en hafi síðar verið metið ógilt.
- a. Ekkert er bókað í fundargerð yfirkjörstjórnar um ofangreind vafaatkvæði.
  - b. Frásögn oddvitans stangast á við framburð tveggja fulltrúa yfirkjörstjórnar, en sá þriðji sagði að tveir úr yfirkjörstjórn hafi gengið með vafaatkvæði á milli yfirkjörstjórnarfulltrúa til að sýna þeim gild og ógild atkvæði.
  - c. Í yfirkjörstjórn sátu fimm einstaklingar. Af málavaxtalýsingunni má ekki ráða hvernig fimmti yfirkjörstjórnarfulltrúinn lýsti ofangreindu.
10. Í málavaxtalýsingunni er greint frá því að samkvæmt fundargerð hafi fundi verið frestað kl. 7:35 en ákveðið að honum yrði framhaldið kl. 13. Í fundargerðinni er ekki greint frá ástæðum frestunar, en samkvæmt málavaxtalýsingunni skýrðu tveir fulltrúar yfirkjörstjórnar frá því í samtölum við undirbúningsnefndina að „venja sé að fara frá kjörgögnum með þessum hætti til að hvílast en halda síðan vinnunni áfram á sunnudegi, þ.e. frágangi eftir talningu og skráningu breyttra atkvæðaseðla“. Því til viðbótar er í lýsingunni greint frá því að einn fulltrúi yfirkjörstjórnar hafi sagt að „almennt hefði ekkert verið frábrugðið í þessum kosningum miðað við aðrar sem hún hefði verið við“. Formaður yfirkjörstjórnar hafi svo sagst líta svo á að „þar sem fundinum hafi verið

frestað á sunnudagsmorgninum og talningu væri ekki lokið hefði ekki þurft að innsigla kjörgögn“.

- a. Málavaxtalýsingin greinir ekki með fullnægjandi hætti frá ástæðum frestunarinnar.
- b. Lýsingar tveggja fulltrúa yfirkjörstjórnar um að venja sé að fara frá kjörgögnum með þessum hætti til að hvílast og ganga svo frá eftir talningu, bendir frekar til þess að talningu hafi verið lokið að sunnudagsmorgni eins og raunar er staðfest í fundargerðinni sjálfri.
- c. Lýsing eins fulltrúa yfirkjörstjórnar um að „almennt hefði ekkert verið frábrugðið í þessum kosningum“ tekur ekki sérstaklega til frestunar fundarins, ástæðu hennar eða frágangs gagnanna. Þá er augljóst að framkvæmd talningar og önnur störf yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi eiga sér ekki hliðstæðu í sögu íslenskra alþingiskosninga. Að lokum er óskýrt hvað átt er við með „skráningu breyttra atkvæðaseðla“.
- d. Fullyrðingar formanns yfirkjörstjórnar virðast lýsa lögbroti, sbr. umfjöllun um vörslur kjörgagna í kærum kæranda. Þá eru orð hans um að talningu hafi ekki verið lokið í andstöðu við fundargerðina sem hann ritaði sjálfur.
- e. Engar upplýsingar má finna í fundargerðinni um framburð fimmta fulltrúa yfirkjörstjórnar um ástæðu fundarfrestunarinnar. Kærendur telja rétt að fjallað verði um þetta atriði í málavaxtalýsingunni, eftir atvikum með því að óska upplýsinga frá fimmta fulltrúa yfirkjörstjórnarinnar ef þær liggja nú ekki þegar fyrir.
- f. Þess er óskað að Alþingi afli og fjalli um eldri fundargerðir yfirkjörstjórnarinnar úr fyrri alþingiskosningum og beri saman við þá fundargerð sem hér er til skoðunar, svo hægt sé að staðfesta framburð tveggja yfirkjörstjórnar og eftir atvikum oddvitans um að venja sé fyrir því í Norðvesturkjördæmi fresta fundi með þessum hætti.

#### Fundarfrestun yfirkjörstjórnar

11. Í málavaxtalýsingunni greinir að þegar yfirkjörstjórn athafnaði sig í salnum voru þrjú inngangar inn í salinn, þ.e. aðalinngangur sem liggur að anddyri hótelsins, bakdyr aftast í salnum þar sem er inngangur að rými með loftræstibúnaði og brunaútgangi og loks inngangur að starfsmannarými og eldhúsi en þaðan er innangengt í aðra hluta hótelsins.
  - a. Myndin með málavaxtalýsingu er mjög óskýr og sýnir auk þess ekki alla 1. hæð hótelsins, en byggingin er mun stærri.
  - b. Af þessum sökum er örðugt að átta sig á staðsetningu tveggja eftirlitsmyndavéla, vestan við salinn.
  - c. Myndin sem fylgdi fyrstu drögum að málavaxtalýsingunni virðist vera unnin upp úr teikningu Einars Ingimarssonar, sem var samþykkt af byggingarfulltrúa Borgarbyggðar 26. apríl 2019 og er aðgengileg á Kortasjá Borgarbyggðar. Myndin sýnir brunaútgang á austurhlið salarins sem virðist falla utan sjónarhorns eftirlitsmyndavélanna. Gengið er út frá því við ritun þessara athugasemda að yfirlitsmyndin, og hinar samþykktu teikningar lýsi ekki núverandi aðstæðum í hótelinu.

- d. Að mati kæranda væri gagnlegt ef til málsatvikalýsingunni fylgdi teikning af húsnæðinu á kjördegi og sýndi jafnframt staðsetningu og sjónarhorn eftirlitsmyndavélanna eins og það birtist á upptökunum.
12. Í málavaxtalýsingunni er fjallað um bakdyr aftasta í salnum að rými með loftræstibúnaði og brunaútgangi. Dyrnar munu hafa staðið „opnar um nóttina til að lofta út“ en að sögn eins yfirkjörstjórnarfulltrúa lokast síðar við vindtrekk. Dyrnum mun hafa verið læst síðar um morguninn en ekki liggur fyrir hvenær.
- Á áðurnefndri teikningu má hins vegar sjá stigahús hinu megin við bakdyr salarins ætti þá væntanlega að leiða um aðra hluta hússins Gengið er út frá því við ritun þessara athugasemda að yfirlitsmyndin, og hinar samþykktu teikningar lýsi ekki núverandi aðstæðum í hótelinu og að enginn stigi sé í herberginu.
  - Skilja á málavaxtalýsinguna þannig að dyrnar sem stóðu opnar um nóttina og morguninn sjáist ekki á eftirlitsmyndavélunum.
13. Í málavaxtalýsingunni er fjallað um eftirlitsmyndavélar í húsnæðinu og sagt að tvær eftirlitsmyndavélar séu í fremri salnum og þrjár fyrir utan innganga hans. Svo er fjallað nokkuð ítarlega um hvað upptökur úr eftirlitsmyndavélinni sem beinist að bakdyrunum/brunaútganginum sýnir. Segir að frá kl. 7 til 13:00 sést ekki umgangur fólks í áttina að brunaútgangi og að við athugun nefndarinnar á vettvangi megi sjá að ekki var unnt að komast að umræddum inngangi án þess að gengið væri fram hjá umræddri myndavél. Engin eftirlitsmyndavél sýnir svæðið þar sem yfirkjörstjórn athafnaði sig og kjörgögn voru geymd á meðan fundarfrestun stóð.
- Óumdeilt virðist vera að engin myndavél sýni kjörgögnin, og því ekki hægt að fullyrða að ekki hafi verið átt við gögnin. Þá liggur jafnframt fyrir að fjórir starfsmenn gengu um salinn þar sem gögnin voru en utan þess svæðis sem eftirlitsmyndavélar sýna.
  - Ekki er getið um svör Lögreglustjórans á Vesturlandi frá 22. október 2021 þess efnis að „mannaferðir sjást á planinu [frá kl. 07:00-13:00] fyrir utan brunaútganginn á nefndum tíma. Þrisvar sinnum sést fólk ganga inn eða út um aðrar dyr á bakhlið hússins. Á upptökunum sést ekki umgangur í áttina að umræddum brunaútgangi.“ Kærendur hafa ekki upplýsingar um hvaða aðrar dyr á bakhlið hússins sé að ræða, hvaða fólk þetta hafi verið, eða í hvaða tilgangi það var þarna á ferð.
  - Ekki er getið um hvort upptökur úr eftirlitsmyndavélum veiti vissu fyrir því að ekki sé unnt að ganga úr starfsmannaaðstöðu/eldhúsi (þar sem innangengt er í aðra hluta hótelsins) og inn í talningarsalinn þar sem kjörgögnin voru geymd án þess að slíkt sjáist á eftirlitsmyndavélinni sem beinist að „svæðinu við þann inngang og í áttina að aðalinngangi. Þá ber málavaxtalýsingin ekki með sér að undirbúningsnefndin hafi kannað hvort unnt væri að fara þessa leið án þess að slíkt sæist á eftirlitsmyndavélum, líkt og hún gerði með myndavélina við bakdyrnar. Eftirfarandi umfjöllun í málavaxtalýsingunni um að starfsmenn hótelsins hafi gengið um fremri salinn en hverfi svo úr mynd og því „kemur til álita að það hafi farið inn í talningarsalinn eða staðið við inngang í talningarsalinn“ bendir í það minnsta til þess að unnt hafi verið að fara úr fremri salnum í talningarsalinn án þess að slíkt sæist á eftirlitsmyndavélunum.

14. Í málavaxtalýsingunni er fjallað um ljósmyndir sem teknar voru úr talningarsal frá kl. 7:06 til 9:40 og sýna að kjörgögn voru ekki geymd í lokuðum hirslum eða undir innsigli á þeim tíma sem fundarfrestun stóð. Þá er þess getið að á myndunum sjást blýantar, pennar og strokleður.
- Þess er óskað að undirbúningsnefnd taki til skoðunar hvort tilefni sé til að fjalla í greinargerð sinni um hvort venja sé fyrir því að strokleður séu notuð við talningu atkvæða.
15. Í málavaxtalýsingunni segir að lögregla geti ekki fullyrt um það af eða á, hvort farið var að svæðinu þar sem kjörgögn hafi verið geymd á meðan yfirkjörstjórn hafi verið fjarverandi.
- Athygli er vakin á því að þetta var afstaða lögreglu eftir að starfsmennirnir sem þarna gengu um gáfu skýrslur hjá lögreglu.
16. Í yfirheyrslu sögðu þrír fulltrúar yfirkjörstjórnar „að ekki hafi verið átt við kjörseðlana í fundarhlé“. Sá fjórði sagðist ekki átta sig á því hvort hreyft hefði verið við kjörgögnum á þeim tíma sem yfirkjörstjórn var fjarverandi.
- Óljóst er hvernig þessir þrír fulltrúar yfirkjörstjórnar geti fullyrt að ekki hafi verið átt við gögnin, þá liggur ekkert liggur fyrir um álit fimmta fulltrúans í yfirkjörstjórninni um þetta atriði.

#### Athugun á atkvæðum C-lista

17. Af málavaxtalýsingunni má ráða að yfirkjörstjórn ber ekki saman um hvernig athugun á atkvæðum C-lista var háttáð, þ.m.t. hvað varðar fjölda fulltrúa yfirkjörstjórnar sem var viðstaddur upphaf þessarar athugunar, í hvaða bunka C-lista atkvæðin fundust, og hvernig og hvenær ákvörðun um endurtalningu atkvæða var tekin.
- Formaður yfirkjörstjórnar og einn fulltrúi yfirkjörstjórnar hafa sagt að þessi atkvæði hafi fundist í fyrsta bunkanum sem formaðurinn tók upp, en aðrir sagt að bunkinn hafi legið ofarlega í kassanum
  - Af málavaxtalýsingunni má ekki ráða hvenær þessi athugun hófst, né hvort formaður yfirkjörstjórnarinnar hafi athugað einhver atkvæði áður en aðrir meðlimir yfirkjörstjórnarinnar mættu.
  - Það liggur fyrir samkvæmt athugun lögreglu á eftirlitsmyndavélum að síðasti fulltrúar yfirkjörstjórnar mætti kl. 13.03, en málavaxtalýsingin veitir engar upplýsingar um hvað formaðurinn og hinir fulltrúar yfirkjörstjórnarinnar gerðu frá því að þeir mættu og þar til yfirkjörstjórnin var fullskipuð.
  - Af málavaxtalýsingunni má ráða að þrír fulltrúar í yfirkjörstjórn hafi borið um að öll yfirkjörstjórnin hafi verið mætt þegar ákveðið var að skoða atkvæði C-lista, einn hafi sagt að fjórir fulltrúar hafi verið mættir þegar atkvæðin voru skoðuð, og sá fimmti hafi sagt að hann hafi ekki verið komin þegar atkvæðin voru skoðuð.
  - Í málavaxtalýsingunni er það sagt „leggja fyrir“ í málinu að fulltrúar yfirkjörstjórnar hafi mætt kl. 12:15, svo um kl. 12:30, næsti kl. 12:55 og sá síðasti kl. 13.03. Formaður yfirkjörstjórnarinnar á svo að hafa mætt kl. 11.59. Kærendur hafa ekki fengið aðgang að upptökum eftirlitsmyndavélanna né upplýsingaskýrslu lögreglu um skoðun myndskaiða úr eftirlitsmyndavélum, merkt skjal nr. 1-4. Óljóst er því hvort ofangreindar tímasetningar byggja á

upplýsingum úr eftirlitsmyndavélunum, en vakin er athygli á því að tímasetningar stemma að meginstefnu við umfjöllun Lögreglustjórans á Vesturlandi frá 15. október 2021, bls. 5, en þar kemur fram að umræddar tímasetningar byggja á framburði fulltrúa yfirkjörstjórnarinnar (t.d. „Yfirkjörstjórnarmaður D sagðist hafa komið inn í salinn um kl. 12.15“). Að sama skapi eru þessar tímasetningar í ósamræmi við fundargerðina, samkvæmt henni átti formaður yfirkjörstjórnarinnar að hafa mætt kl. 11.46, annar kl. 12.15 og svo hinir þrír á sama tíma kl. 13:00.

- f. Yfirkjörstjórn greinir einnig á um ákvörðun um endurtalningu, líkt og áður hefur verið rakið.

#### Seinni talning atkvæða

18. Í málavaxtalýsingunni er gerð grein fyrir seinni talningu, boðun umboðsmanna og fleiri atriðum. Þar er því m.a. lýst að umboðsmaður Pírata hafi ekki verið boðaður og að formaður yfirkjörstjórnar hafi ekki orðið við kröfu umboðsmannsins um að bíða með talningu þar til hann kæmi á talningarstað.

- a. Málavaxtalýsingin veitir ekki upplýsingar um hvort yfirkjörstjórn eða formaður hennar véfengi lýsingu umboðsmannsins. Í öllu falli hefur umboðsmaðurinn sagst eiga upptöku að því þegar hann kemur á talningarstað kl. 16.28.

19. Í málavaxtalýsingunni er svo greint frá því að yfirkjörstjórnin hafi hafið endurtalningu atkvæða fyrr en greinir í fundargerðinni (kl. 15:10), sbr. endursögn tveggja fulltrúa yfirkjörstjórnar (ótilgreint klukkan hvað endurtalning hófst) og starfsmanns yfirkjörstjórnar (hún mætti kl. 14:30 og sagði að „yfirkjörstjórn hafi byrjað að telja nokkra listabókstafi áður en hún kom á svæðið“).

- a. Þá er jafnframt ljóst að endurtalningin hófst áður en nokkur umboðsmaður var mættur, en þeir mættu frá kl. 15:00-17:00.
- b. Í málavaxtalýsingunni kemur ekki fram klukkan hvað umboðsmönnum var boðið að mæta.
- c. Í þessu sambandi minna kærendur á 98. og 99. gr. kosningalaga um mikilvægi þess að talning atkvæða sé auglýst sérstaklega svo kjósendum gefist tækifæri til að fylgjast með, en einnig að umboðsmenn séu boðaðir og varamenn skipaðir í þeirra stað ef þarf.
- d. Í þessu sambandi er athygli vakin á því að starfsmaður yfirkjörstjórnar sem hafði umsjón með talningarfólki gerði, líkt og greinir í málsatvikalýsingunni, athugasemdir við að yfirkjörstjórnin hafi talið atkvæði að talningarfólki fjarstöddu.

20. Af málavaxtalýsingunni má ráða að atkvæðaseðlar hafi ekki verið taldir frá grunni í hinni seinni talningu, ekki hafi verið farið í flokkun atkvæðaseðla heldur látið við það sitja að fara eingöngu yfir flokkun allra C-lista atkvæðabunka og endurtelja svo önnur atkvæði.

- a. Í málavaxtalýsinguna vantar skýringar yfirkjörstjórnar á þessu fyrirkomulagi. Það er sérstakt að fara ekki yfir flokkun atkvæðabunka annarra framboða þegar ljóst var að mati yfirkjörstjórnar að mistök hafi átt sér stað við flokkun atkvæðanna.

- b. Málavaxtalýsingin veitir heldur engar upplýsingar um hversu oft atkvæðin voru talin við þessa seinni talningu.
- c. Við athugun undirbúningsnefndar á auðum og ógildum atkvæðaseðlum 26. október 2021 hafi til að mynda fundist atkvæðaseðill á meðal auðra seðla þar sem efsta nafn á B-lista hafði verið yfirstrikað án þess að merkt hafi verið X í ferninginn fyrir framan listabókstafinn B. Slíkir atkvæðaseðlar hafa verið metnir gildir skv. álit á álit kjörbréfanefndar. Í öllu falli er ljóst að atkvæðaseðillinn hefði aldrei átt að vera á meðal auðra seðla.
- d. Allt ofangreint sætir sérstakri furðu, bæði þegar litið er til verklags við fyrri talninguna (marg flokkað, marg talið) og þeirra miklu breytinga á atkvæðafjölda framboðanna í kjölfar síðari talningarinnar.
- e. Af þessum sökum er ógerlegt að láta niðurstöðu síðari talningarinnar gilda, enda voru atkvæðin ekki flokkuð og talin að fullu leyti eins og kærendur ætluðu við ritun kæra sinna.

#### Niðurstaða seinni talningar og breytingar

21. Umfjöllun málavaxtalýsingarinnar byggir á fundargerð yfirkjörstjórnar og frásagnar eins fulltrúa yfirkjörstjórnar fyrir nefndinni. Skýringarnar lúta annars vegar að fækkun atkvæða C-lista Viðreisnar annars vegar og hins vegar auðra seðla. Hvað aðrar breytingar varðar er engin viðbót við skýringar yfirkjörstjórnar þess efnis að aðrar breytingar væru vegna þess „að eitt og eitt atkvæði hafi mislagst í atkvæðabunkum“
- a. Þessar skýringar eru ófullnægjandi, enda ljóst að breytingar á öðrum atkvæðatölum voru umtalsverðar. Þannig fjölgaði atkvæðum Sósíalístaflokks (+7 atkvæði), en atkvæðum Miðflokksins (-5 atkvæði) og Flokks fólksins (-3 atkvæði) fækkaði án nokkurra skýringa.

#### Fundargerð yfirkjörstjórnar

22. Í málavaxtalýsingunni er getið um ágreining yfirkjörstjórnar um efni fundargerðarinnar.
- a. Ekki er getið um athugasemdir eins yfirkjörstjórnarfulltrúa vegna þess að athugasemdir hans rötuðu ekki í endanlega útgáfu fundargerðarinnar. Í tölvupósti hans, sem undirbúningsnefndin hefur undir höndum, kemur fram að hann „hafði þegar gert athugasemd við formann NV kjörstjórnar við orðalagið að ákveðið hafi verið þegar engin ákvörðun var tekin um endurtalningu heldur byrjuðu kjörstjórnarmenn að telja og skoða atkvæði áður en aðrir kjörstjórnarmenn komu á staðinn. Fundargerðin er ekki í mínu nafni svona þar sem ég kom hvergi að ákvörðun um að telja aftur atkvæði Viðreisnar“. Þessa umfjöllun má þó finna að hluta á bls. 13 í málsatvikalýsingunni í kaflanum málsmeðferð landskjörstjórnar.

#### Málsmeðferð landskjörstjórnar

23. Kærendur hafa ekki forsendur til að gera athugasemdir við lýsingu á málsmeðferð landskjörstjórnar.

#### Upplýsingöflun nefndarinnar

24. Kærendur hafa ekki forsendur til að gera athugasemdir við lýsingu á upplýsingaöflun nefndarinnar.



Hér að framan hafa verið raktar athugasemdir kæranda vegna málsatvikalýsingar undirbúningsnefndarinnar. Kærendur hafa hins vegar ekki fengið að sjá nema lítinn hluta þeirra gagna sem málsatvikalýsingin byggir á og geta því ekki neytt andmælaréttar í samræmi við þær meginreglur sem gilda ættu um málsmeðferðina og þær kröfur sem leiða af stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu. Áréttað skal að þau hafa engar forsendur til að tjá sig um það hvort að málsatvikalýsingin gefi raunsanna mynda af þeim gögnum sem undirbúningsnefndin hefur undir höndum eða hvort í þessum gögnum megi finna upplýsingar sem skipta geta máli varðandi kærur þeirra. Athugasemdir þeirra eru því takmarkaðar við efni skjalsins sjálfs og þeirra takmörkuðu gagna sem þau hafa þó fengið.

Kærendur áskilja sér allan rétt vegna ofangreinds sem og þess að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum.

Að gefnu tilefni skal þess getið að ekkert í bréfi þessu krefst nokkurs trúnaðar og er þess óskað að bréfið verði birt á vefsvæði undirbúningsnefndarinnar á heimasíðu Alþingis, líkt og gert var með drög málsatvikalýsingar undirbúningsnefndarinnar.

Virðingarfyllst,



Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður.